

Um 3. Með því að 5. gr. áðurnefndra laga frá 1895 kveður svo á, að **166** hver skipeigandi eigi rjett á að fá skip sitt skrásett í hverju umdæmi, sem 29. desbr. hann vill, og það skrásetningarumdæmi skuli álitid heimili skipsins, þá virðist það liggja beint við, að samþykki eiganda þurfi til þess að flytja skip úr einhverju hinna gömlu skrásetningarumdæma í nýtt skrásetningarumdæmi. Ann- að mál er það, að heppilegast væri að sem flest skip yrðu nú þegar skrásett í því umdæmi, þar er þau eru gjörð út.

Þetta er yður hjermed þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknan- legrar leiðbeiningar og eptirbreytni.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu um 167 sveitfesti þurfalings.—Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra amt- 30. desbr. maður, dagsett 7. þ. m., um erindi hreppsnefndarinnar í Njarðvíkurhreppi í Kjós- ar- og Gullbringusýslu þar sem hún áfrýjar til mín úrskurði yðar, dagsettum 25. septbr. þ. á., er kveður svo á, að Hjörtur nokkur Guðmundsson skuli teljast sveitlægur í umgetnum hreppi, skal yður hjermed þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að með því að jeg er samþykk- ur ástæðum þeim, sem úrskurður yðar er byggður á, skal hann standa órask- aður. Sjerstaklega skal það tekið fram, að það atriði að Hjörtur þessi Guð- mundsson, samkvæmt brjefi hreppsnefndarinnar í Njarðvíkurhreppi 25. nóvbr. 1891, við skipting hins forna Vatnsleysustrandahrepps 1889 virðist talinn meðal þurfamanna þessa hrepps, sýnist ljóslega benda á það, að hann þá hafi verið búinn að þiggja sveitarstyrk.

Úrskurður amtmanns er svolátandi :

»Eptir að hreppsnefndin í Njarðvíkurhreppi hafði áfrýjað til amtsins úrskurði yðar, velborni herra sýslumaður, dags. 18. sept. f. á., sem ákveður, að Hjörtur nokkur Guðmundsson í Grænagarði í Leiru hafi eigi áunnið sjer sveitfesti í Rosmhvalanesshreppi með dvöl sinni þar, og amtið meðtekið með þóknanlegu brjefi yðar, dags. 18. f. m., ýmsar upplýsingar og skýrsl- ur, sem það hafði æstkt eptir, í brjefi sínu til yðar, dags. 2. nóvember f. á., þessu máli við- víkjandi, er svo látandi úrskurður lagður á þetta mál:

Á árinu 1891 þáði Hjörtur þessi Guðmundsson fátækra- styrk í dvalarsveit sinni Rosmhvalanesshreppi, og tilkynnti hreppsnefndin þar styrkveitinguna hreppsnefndinni í hinum forna Vatnsleysustrandahreppi, sem er fæðingarhreppur hans, og sem samkvæmt landshöfðingja- brjefi 21. sept. 1889 er skipt í tvo hreppa, Vatnsleysustrandahrepp og Njarðvíkurhrepp, en hreppsnefndin í hinum síðarnefnda hreppi, sem skýrir svo frá í brjefi sínu, 25. nóv. 1891, að Hjörtur Guðmundsson hafi fallið í sinn hluta við skiptingu hins forna Vatnsleysu- strandahrepps, sem fram hafi farið 1. okt. 1889, neitaði að endurgjalda hinn veitta fátækra- styrk, þar sem Hjörtur Guðmundsson væri búinn að dvelja yfir 10 ár í Rosmhvalanesshreppi, án þess að þiggja af sveit. Eptir þeim skýrslum, sem liggja fyrir, er Hjörtur Guðmundsson fæddur 1853 í hinum forna Vatnsleysustrandahreppi, eins og sagt er að framan, og þá er hann flutti sig á árinu 1880, 27 ára að aldri, í Rosmhvalanesshrepp hinn forna, þar sem hann síðan hefir dvalið, átti hann enn nefndan fæðingarhrepp sinn. Nú er því haldið fram af hreppsnefndinni í Rosmhvalanesshreppi, að Hjörtur hafi orðið fátækra- styrks þurfandi

á árinu 1886, og þá þegið styrk af hálfu fátækrastjórnarinnar í fæðingarhreppi sínum, en hreppsnefndin í Njarðvíkurhreppi hefir mótmælt þessu og eru þannig úrslit þessa máls undir því komin, hvort álitid verði, að Hjörtur Guðmundsson hafi þegið styrk þenná eða ekki.

Það er upplýst í þessu tilliti, að Hjörtur Guðmundsson hafi fengið hjá hinum þáverandi hreppsnefndaroddvita í Vatnsleysustrandarhreppi hinum forna, Sigmundi Andrjessyni, sem nú á heima á Írafelli í Skagafjarðarsýslu, 20 kr. í úttekt við verzlun W. Fischers í Keflavík eptir ávísun, en Hjörtur skýrir svo frá, að þetta hafi verið privatlán, en alls ekki sveitarstyrkur, og Sigmundur Andrjesson hefir lýst því yfir í brjefi 9. febr. 1894, að Hjörtur hafi engan fátækrastyrk fengið hjá sjer á árinu 1886, en að hann hafi lánað honum opt; samt man hann ekki eptir því, hvort hann lánaði honum á því ári. Fyrir rjetti 29. maí 1896 hefir hann þar næst skýrt svo frá, að hann hafi optar lánað Hirti frá sjálfum sjer, bæði áður en fyrnefndar 20 krónur komu til, og eptir það, og ætli hann því helzt, að þær hafi verið privatlán, en að öðru leyti vísar hann til hlutaðeigandi verzlunarstjóra.

Aptur á móti hefir hreppsnefndin í Rosmhvalanesshreppi skýrt svo frá, að oddvitinn, sem var þar 1886, Teitur Pjetursson á Meðastöðum, hafi gefið þá upplýsing, að Hjörtur hafi beðið sig um styrk á nefndu ári, en um það leyti var mjög hart manna á milli þar í hreppnum, þótt hallærislán væri tekið, og þess vegna hafi oddvitinn talið tormeiki á því við Hjört, að hann gæti fengið styrk af fátækrafje, en bent honum á, að engin frágangssök væri fyrir hann, að leita til framfærslusveitar sinnar. Í annan stað er hin fyrnefnda úttekt samkvæmt framkomnum skilríkjum skrifuð í reikning Vatnsleysustrandarhrepps við W. Fischers verzlun í Keflavík, en ekki í reikning Sigmundar Andrjessonar, sem eptir skýrslu verzlunarstjórans ekki hafði neinn fastan reikning þar fyr en á árinu 1887. Sami verzlunarstjóri hefir fyrir rjetti sýnt fram »Kladdabók« sína, sem sýnir, að hreppurinn er 20. okt. 1886 skrifaður fyrir 20 kr. í ýmsum nauðsynjavörum handa Hirti, og enn fremur höfuðbókina, sem er í fullri samhljóðan við hina bókina. Skýrsla Hjartar, eða skrifleg yfirlýsing hans, 17. okt. f. á., um viðskipti hans við verzlunarstjóran, verður því alls eigi tekin trúanleg.

Enn fremur er skýrt svo frá, að Hjörtur hafi síðan fengið út í reikning Vatnsleysustrandarhrepps $\frac{1}{2}$ tunnu af salti, að líkindum til notkunar við verkun á fiski þeim, sem hann borgaði styrkinn með næsta sumar þar á eptir.

Það getur að álitu amtsins þannig eigi verið neinum efa undirorpið, að Hjörtur Guðmundsson hafi á árinu 1886 þegið styrk frá framfærsluhreppi sínum, sem virðist hafa átt að fara leynt, en sem einnig af þeirri ástæðu verður að skoðast sem fátækrastyrkur, eða sem styrkur, sem hlýtur að hafa þá verkun, að sveitfestisdvöl Hjartar Guðmundssonar í Rosmhvalanesshreppi hafi slitnað. Þar að auki eru miklar líkur fyrir því, að Hjörtur Guðmundsson hafi dvalið alla tíð í Rosmhvalanesshreppi sem ólöglegur húsmáður, og að endinga bendir fyrnefnd yfirlýsing hreppsnefndarinnar í Njarðvíkurhreppi 25. nóv. 1891 á, að Hjörtur Guðmundsson hafi fallið í hluta þess hrepps við aðgreining hans frá Vatnsleysustrandarhreppi, til þess, að hann hafi þá verið skoðaður sem þurfamaður, eða sem sá, er hefði orðið að flýja á náðir fátækrastjórnarinnar.

Samkvæmt framanrituðu hefir Hjörtur Guðmundsson eigi áunnið sjer sveitfesti í Rosmhvalanesshreppi með dvöl sinni þar, og er fyrnefndur úrskurður yðar hjer með staðfestur þannig, að Hjörtur Guðmundsson skuli álitast sveitægur í Njarðvíkurhreppi, sem ber að endurgjalda Rosmhvalanesshreppi framlag hans með Hirti Guðmundssyni og hyski hans.

Veitt sýslan.

29. desbr. var *cand. juris Björgvin Vigfússon* af landshöfðingja skipaður *umboðsmaður yfir Múlasýslu* jörðum frá 1. janúar 1897 að telja.